

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 46

5. árgangur

5.11.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

98/EES/46/01 Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 167/98/COL frá 8. júlí 1998 um undanþágu frá III. viðauka gerðarinnar sem um getur í lið 24a í XIII. viðauka við EES-samninginn 1

98/EES/46/02 Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum 3

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/46/03 Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.14 PanAgora/DG Bank) 4

98/EES/46/04 Ný tilkynning um samfylkingu fyrirtækja sem áður hefur verið tilkynnt um (Mál nr. IV/M.1327 - Canal+, CDPQ og Bank America/NC) 5

98/EES/46/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1194 - SBG/Fortis AG) 5

98/EES/46/06 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1271 - Pirelli/Siemens) 6

98/EES/46/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1304 – Hercules/Betzdearborn)	6
98/EES/46/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1314 – Framatome/Berg Electronics)	7
98/EES/46/09	Tilkynning um einkaleyfissamninga (Mál nr. IV/37.156 - Draxis/Pfizer)	7
98/EES/46/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1097 – Wacker/Air Products)	8
98/EES/46/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 36/96 - Holland	8
98/EES/46/12	Skrá yfir útgefin skjöl framkvæmdastjórnarinnar	8
98/EES/46/13	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	10
3. Dómstóllinn		
98/EES/46/14	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	12
98/EES/46/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA nr. 167/98/COL 98/EES/46/01

frá 8. júlí 1998

um undanþágu frá III. viðauka gerðarinnar sem um getur
í lið 24a í XIII. viðauka við EES-samninginn

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 24a í XIII. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 91/439/EEB frá 29. júlí 1991 um ökuskírteini,

eins og henni var breytt og hún aðlöguð með bókun 1 við samninginn, einkum 7. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. gerðarinnar, eins og hún var aðlöguð, geta EFTA-ríkin sem aðilar að EES-samningnum, að fengnu samþykki Eftirlitsstofnunarinnar, vikið frá ákvæðum III. viðauka um lágmarkskröfur um líkamlegt og andlegt hæfi til að aka vélknúnu ökutæki.

Slíkar undanþágur verða að samrýmast þróun læknávisindanna og þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

Samkvæmt lið 6.3 í II. viðauka verða umsækjendur um ökuskírteini eða endurnýjun á ökuskírteini að hafa sjónskerpu, með sjónglerjum ef þörf krefur, sem nemur að minnsta kosti 0,8 á betra auganu og að minnsta kosti 0,5 á verra auganu.

Ef sjóngler eru notuð til að ná gildunum 0,8 og 0,5 verður óleiðrétt sjónskerpa á hvoru auga að vera að minnsta kosti 0,05, eða að öðrum kosti verður lágmarkssjónskerpa (0,8 og 0,5) að nást annaðhvort með því að leiðrétta með sjónglerjum sem ekki eru sterkari en plús eða mínus fjórar ljósbrotseiningar eða með linsum (ekki sjóngler = 0,05). Sjóngler sem leiðrétta sjón mega ekki valda óþægindum.

Samkvæmt lið 6.3 í III. viðauka má ekki gefa út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjendur eða öikumenn sem hafa ekki eðlilegt sjónsvið á báðum augum eða þá sem þjást af tvísýni.

Í samræmi við lið 6.3 í III. viðauka má styrkleiki gleraugna fyrir öikumenn í hópi 2 ekki fara yfir plús eða mínus fjórar ljósbrotseiningar, einkum vegna þjónunar á sjónsviði ef nota þarf sterkari gleraugu.

Nútímatækni og búnaður hafa þó gert kleift að framleiða gleraugu með allt að plús eða mínus átta ljósbrotseiningar án þess að þjaga sjónsvið.

Samkvæmt beiðni frá einu EFTA-ríkjanna telur því Eftirlitsstofnun EFTA að þróun læknávisindanna réttlæti undanþágu frá ákvæði liðar 6.3 í III. viðauka gerðarinnar hvað varðar fjölda ljósbrotseininga í gleraugum fyrir öikumenn í hópi 2.

Framkvæmdastjórnin hefur með ákvörðun 96/427/EB frá 10. júlí 1996 um undanþágu frá ákvæðunum í III. viðauka við tilskipun ráðsins 91/439/EEB veitt sömu undanþágu fyrir aðildarríki EB.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

- 1) EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES-samningnum, mega heimila að miða við plús eða mínus átta ljósbrotseiningar í staðinn fyrir plús eða mínus fjórar ljósbrotseiningar þegar að minnsta kosti 0,8 og 0,5 sjónskerpa næst með sjónglerjum sem leiðrétta sjón.
- 2) Ákvörðun þessari sem telst fullgild á ensku er beint til EFTA-ríkjanna sem eru aðilar að EES-samningnum.
- 3) Þessi ákvörðun skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 8. júlí 1998

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Knut Almestad
Forseti

Bernd Hammermann
Stjórnarmaður

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins 98/EES/46/02 og 3. mgr. 1. gr. bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt:	1. júlí 1998
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	97-001
Titill:	Skattatengdar aðgerðir í þágu kaupskipaútgerðarinnar: - endurgreiðslukerfi vegna starfsráðningar og þjálfunar farmanna - sérstakar reglur um skattlagningu kaupskipaútgerða
Markmið:	Að styrkja samkeppnisstöðu kaupskipaútgerða með staðfestu í Noregi og tryggja ráðningu og þjálfun farmanna frá Noregi og öðrum EES-löndum
Lagastöð:	Endurgreiðslukerfi vegna starfsráðningar og þjálfunar farmanna: árleg ríkisfjárlög og leiðbeiningar gefnar úr af konunglega viðskipta- og iðnaðar-ráðuneytinu Sérstakar reglur um skattlagningu kaupskipaútgerða: 51. gr. A í lögum nr. 8 frá 18. 8. 1911 um eigna- og tekjuskatt (Lov om skatt av formue og inntekt), með áorðnum breytingum
Fjárveiting:	Endurgreiðslukerfi vegna ráðningar og starfsþjálfunar farmanna: 415,2 milljónir NOK fyrir árið 1998
Gildistími:	Ekki er kveðið á um neinn ákveðinn gildistíma fyrir kerfin en þau skulu endurskoðuð árlega í tengslum við ríkisfjárlögin
Skilyrði:	Ársskýrslur

Ákvörðunin var samþykkt:	8. júlí 1998
EFTA-ríki:	Ísland
Aðstoð nr.:	97-008
Titill:	Opinber þátttaka í samningum um smíði og rekstur álbræðslu á Grundartanga
Markmið:	Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð
Lagastöð:	Lög nr. 62/1997 sem heimila samninga við Columbia Ventures Corporation og íslenskt dótturfyrirtæki þess <i>Norðurál hf.</i> um álbræðslu á Grundartanga
Fjárhagáætlun:	Áætlaður aðstoðarþáttur 6 milljónir USD
Styrkleiki aðstoðar:	3,6% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.14 PanAgora/DG Bank)

98/EES/46/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin PanaAgora Asset Management Limited (PanAgora), sem er undir stjórn Nippon Life og Marsh & McLennan Group, og DG Deutsche Genossenschaftsbank (DG Bank), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir DG PanAgora Asset Management GmbH sem er nýstofnað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Nippon Life: váttryggingar,
 - Marsh & McLennan Group: eignastjórnun,
 - PanAgora og DG PanAgora: eignastjórnun.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 344, 31. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.14 PanAgora/DG Bank, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1000 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Ný tilkynning um samfylkingu fyrirtækja sem áður hefur
verið tilkynnt um
(Mál nr. IV/M.1327 - Canal+, CDPQ og Bank America/NC)**

98/EES/46/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. september 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Canal+, Capital Communications CDPQ og Bank America öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu NC Numeric Caple Holding (NC).
2. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 9. október 1998. Tilkynningin öðlaðist gildi í skilningi 2. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 þann 20. október 1998.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 332, 30. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1327 – Canal+, CDPQ og Bank America/NC, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1194 – SBG/Fortis AG)**

98/EES/46/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fíánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fíánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1194. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1271 – Pirelli/Siemens)****98/EES/46/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. 9. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1271. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1304 – Hercules/Betzdearborn)****98/EES/46/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 10. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1304. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1314 – Framatome/Berg Electronics)****98/EES/46/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. 10. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1314. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning um einkaleyfissamninga
(Mál nr. IV/37.156 - Draxis/Pfizer)****98/EES/46/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júlí 1998 tilkynning, samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um samninga þar sem Draxis Health Inc. veitir Pfizer Inc. einkaleyfi alls staðar í heiminum á að markaðssetja, selja og dreifa Anipryl, sem er viðskiptaheiti á lyfinu selegelínhydróklóríð á sviði dýraheilbrigðis. Anipryl, sem verður framleitt af Draxis Health Inc., er lyfseðilslyf til að meðhöndla gamla hunda sem þjást af efnaskiptasjúkdómnum Cushing's Disease, og Cognitive Dysfunction Syndrome, sem er einnig öldrunarsjúkdómur í hundum. Pfizer Inc. hefur einnig gert samning við Draxis Health Inc. og Deprenyl Animal Health Inc. um rannsóknir og þróun á notkunarmöguleikum selegelíns, í því skyni að bæta og lengja líf gamalla heilbrigðra hunda.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi samninginn á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 336, 4. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 98 02) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/37.156 - Draxis/Pfizer, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate F
Office 1/150
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1097 – Wacker/Air Products)**

98/EES/46/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 8. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1097. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 36/96
Holland**

98/EES/46/11

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta dómsmeðferð sem hafin var samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hinn 30. 7. 1996 vegna tillögu um að veita fyrirtækinu Philips Electronics N.V. styrk til að þróa hálfleiðarakerfi fyrir margmiðla, sjá Stjtið. EB nr. C 311 frá 10. 10. 1998.

Skrá yfir útgefin skjöl framkvæmdastjórnarinnar

98/EES/46/12

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi skjöl(*):

Ákvörðun framkvæmdaráðs um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 170 frá 11. júní 1998 um breytingu á ákvörðun nr. 141 frá 17. október 1989 um samantekt lista sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 (sjá Stjtið. EB nr. L 275 frá 10. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum vegna almenns Evrópufarsíma, II. áfangi (2. útgáfa) (sjá Stjtið. EB nr. L 278 frá 15.10.1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift að farstöðvum sem ætlaðar eru til notkunar í almennum farsímanetum, II. áfanga, og starfræktar eru á tíðnisviðinu GSM 1800 (2. útgáfa) (sjá Stjtið. EB nr. L 278 frá 15. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum um endabúnað sem á að tengja við almenna símsstöðvakerfið (PSTN), með innbyggðu taltóli og heyrnartæki á einu handfangi (sjá Stjtið. EB nr. L 278 frá 15. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift að gervihnattajarðstöðvum með endabúnaði með mjög litlu loftneti (VSAT) fyrir tíðnisviðið 4 GHz (sjá Stjtið. EB nr. L 278 frá 15. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift að landfarsímagerðstöðvum (LMES) með lágum bitahraða fyrir tíðnisviðið 1,5/1,6 GHz (sjá Stjtið. EB nr. L 278 frá 15. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. september 1998 um tölfræðilegt eftirlit innan bandalagsins með útflutningi á annars stigs koparhrávörum (sjá Stjtið. EB nr. L 271 frá 8. 10. 1998)

(* Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 1998 um aðra breytingu á ákvörðun 98/339/EB um tiltekna verndarráðstafanir með tilliti til svínapestar á Spáni (sjá Stjtið. EB nr. L 266 frá 1. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 1998 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/467/EB um gerð bráðabirgðalista yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á kanínukjöti og kjöti af ræktuðum villtum dýrum (sjá Stjtið. EB nr. L 266 frá 1. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1998 um að tilnefna nýja nefndarmenn og endurnýja skipunartíma nefndarmanna sem sæti eiga í sérfræðinganeftindinni um gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/167/EBE (sjá Stjtið. EB nr. L 268 frá 3. 10. 1998)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB frá 1. október 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins (sjá Stjtið. EB nr. L 276 frá 13. 10. 1998)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/75/EB frá 1. október 1998 um endurnýjun og breytingar á lista yfir fyrirtæki sem falla undir tilskipun 90/547/EBE um gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi (sjá Stjtið. EB nr. L 276 frá 13. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. október 1998 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Gvatemala (sjá Stjtið. EB nr. L 277 frá 14. 10. 1998)
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. október 1998 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi tvískelja lindýrum, ígulkerum, möttuldýrum og sæsniglum sem eru upprunnin í Túnis (sjá Stjtið. EB nr. L 277 frá 14. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. október 1998 um breytingu á ákvörðun 93/195/EBE um kröfur um dýraheilbrigði og dýraheilbrigðisvottun vegna endurinnflutnings á skráðum veðhlaupa- og keppnishestum, sem og hestum sem eru notaðir í tengslum við menningarviðburði, eftir tímabundinn útflutning (sjá Stjtið. EB nr. L 276 frá 13. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1998 um breytingu á ákvörðun ráðsins 98/256/EB með hliðsjón af tilteknum neyðarráðstöfunum til verndar gegn smitandi heilahrönnun í nautgripum (sjá Stjtið. EB nr. L 273 frá 9. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1998 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fiskafurðum og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Túnis (sjá Stjtið. EB nr. L 277 frá 14. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. október 1998 um samþykki á áætlun um útrýmingu á smitandi kverka- og barkabólga í nautgripum á Ítalíu (sjá Stjtið. EB nr. L 279 frá 16. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um að framlengja hámarkstímabilið fyrir eyrnamerkingu tiltekinna nautgripa af spænskum stofni (sjá Stjtið. EB nr. L 283 frá 21. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um breytingu á ákvörðun 97/20/EB um gerð lista yfir þriðju lönd sem uppfylla sambærileg skilyrði og aðildarríkin hvað varðar ræktun og markaðssetningu á tvískelja lindýrum, ígulkerum, möttuldýrum og sæsniglum (sjá Stjtið. EB nr. L 277 frá 14. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar á Kúbu (sjá Stjtið. EB nr. L 277 frá 14. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. október 1998 um breytingu á ákvörðun 97/296/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem heimila innflutning á fiskafurðum til neyslu (sjá Stjtið. EB nr. L 277 frá 14. 10. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. október 1998 um að framlengja hámarksfresti til að tilkynna slátrun á nautgripum til sænska gagnagrunnsins (sjá Stjtið. EB nr. L 283 frá 21. 10. 1998)

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/46/13

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtúð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0420-S	Reglugerð um breytingu á reglugerð (1998:944) um bann o.fl. í ákveðnum tilvikum við viðskiptum með kemísk efni, sem og innflutningi og útflutningi þeirra	4.1.1998
98-0423-B	Konunglegur úrskurður um öryggi skreytinga, grín- og spaughluta, skrautlampa og annarra hluta sem innihalda fljótandi efni og efnablöndur	(³)
98-0424-A	Forskrift að símtækjum í bifreiðir sem ekki þarf að halda á	4.1.1998
98-0425-DK	Orkumerking, tæknileg ákvæði um orkumerkingu á rúðum, 1. útgáfa, maí 1998	4.1.1999
98-0426-DK	Orkumerking, tæknileg ákvæði um orkumerkingu á gluggarúðum, 1. útgáfa, maí 1998	4.1.1999
98-0428-NL	Reglugerð um kröfu um framleiðslu á kæliskápum og frystikistum sem innihalda kórflúorkarbón (CFC) og halógenuð klórflúorkarbón (HCFC)	6.1.1999
98-0427-B	Konunglegur úrskurður um viðurkenningu á tækjum til að umreikna belgíska franka yfir í evrur og öfugt	28.12.1998
98-0429-GR	Tækniforskrift að beitingu nákvæmnisgagnabúnaðar við að meta greiningarniðurstöður	29.12.1998
98-0431-I	Drög að forskrift um breytingu á 1. viðauka B og 3. viðauka við lög nr. 784/84 um áburð	30.12.1998
98-0432-F	Forskrift að viðurkenningu á ákvörðunum um breytingu og viðbót við öryggisforskriftir um að koma í veg fyrir bruna og ofsahræðslu í opinberum byggingum	31.12.1998
98-0430-A	Kvörðunarforskriftir að seinkunarmælum	6.1.1999
98-0433-NL	Tillaga að lögum um breytingu á umhverfislögum	4.1.1999
98-0434-NL	Forskrift að flutningum á korni	7.1.1999
(³)(⁴)(⁵)		

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(⁵) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

98/EES/46/14

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 16. júlí 1998 í máli C-93/97 (beiðni um forúrskurð frá Cour d'Arbitrage, Belgíu): Fédération Belge des Chambres Syndicales de Médecins ASBL gegn flæmsku ríkisstjórninni, ríkisstjórn frönskumælandi umdæmisins og ráðherraráðinu (tilskipun 93/16/EBE – sérstök starfsþjálfun í almennum lækningum – 31. gr.).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 16. júlí 1998 í máli C-339/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar – vanræksla á að umsetja tilskipanir 94/15/EB og 94/51/EB).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 9. júlí 1998 í máli C-317/97 P: Smanor SA, Hubert Ségaud og Monique Ségaud gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi – vanræksla á að höfða mál vegna lögbrots – krafa um yfirlýsingu um aðgerðarleysi og skaðabótamál – áfrýjun – mál greinilega ekki dómtækt).

Fyrirmæli dómstólsins (þriðja deild) frá 14. júlí 1998 í máli C-399/97: Glasoltherm SARL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, Électricité de France og HLM "Colomiers Habitat SA" (beiðni hafnað).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 17. júlí 1998 í máli C-442/97 P: Société Anonyme de Traverses en Béton Armé (Sateba) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun – samningar um opinber innkaup – málsmeðferð vegna kvörtunar á framferði sammingsaðila hætt).

Mál C-284/98 P: Áfrýjað var þann 24. júlí 1998 af Evrópuþinginu dómi sem kveðinn var upp 26. maí 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild) í máli T-205/96 milli Roland Bieber og Evrópuþingsins.

Mál C-301/98: Beiðni um forúrskurð frá College van Beroep voor het Bedrijfsleven, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 17. júlí 1998 í dómsmálinu K.V.S. International B.V. gegn Minister van Landbouw, Natuurbeheer en Visserij.

Mál C-305/98 P: Áfrýjað var þann 4. ágúst 1998 af David T. Keeling fyrirmælum dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) frá 8. júní 1998 í máli T-148/97 milli David T. Keeling og Office for Harmonization in the Internal Market (Trade Marks and Designs).

Mál C-309/98: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht München samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 24. júní 1998 í dómsmálinu Holz Geenen GmbH gegn Oberfinanzdirektion München.

Mál C-310/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 7. júlí 1998 í dómsmálinu Hauptzollamt Neubrandenburg gegn Leszek Labis, sem rekur fyrirtæki undir heitinu Przedsiębiorstwo Transportowo-Handlowe "Met-Trans", PL-Reda.

Mál C-316/98 P: Áfrýjað var þann 14. ágúst 1998 af Union Européenne de l'Artisanat et des Petites et Moyennes Entreprises (UEAPME) dómi sem kveðinn var upp 17. júní 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) í máli T-135/96 milli Union Européenne de l'Artisanat et des Petites et Moyennes Entreprises (UEAPME), með stuðningi Confédération Générale des Petites et Moyennes Entreprises et du Patronat Réel (CGPME), Union Professionnelle Artisanale (UPA), Nationaal Christelijk Middenstandsverbond (NCMV), Koninklijke Vereniging MKB-Nederland, Fédération des Artisans, Confederazione Generale Italiana del Artigianato

⁽¹⁾ Sjá Stjútíð. EB nr. C 312, 10.10. 1998.

(Confartigianato), Wirtschaftskammer Österreich og Bundesvereinigung der Fachverbände des Deutschen Handwerks eV (BFH), og ráðs Evrópusambandsins, með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-322/98: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Hamburg samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 24. júlí 1998 í dómsmálinu Bärbel Kachelmann gegn Bankhaus Hermann Lampe KG.

Mál C-326/98: Mál höfðað 1. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-359/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Pavia): Sakamál á hendur Luigi Bazzan, Agostino Traverso og Adriano Calvini.

Mál C-335/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-318/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-398/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-12/96 tekið af málaskrá: Lýðveldið Portúgal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-39/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Silena SpA.

Mál C-327/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova): Ente Autonomo Fiera Internazionale di Genova gegn Ministero delle Finanze.

Mál C-30/98 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Landgericht Berlin): VR-Leasing GmbH gegn Margit Bertram.

Mál C-351/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-250/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Brescia): Sakamál á hendur gegn Riccardo Piccaluga.

Mál C-297/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 98/EES/46/15

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. júlí 1998 í máli T-72/97: Proderec - Formação e Desenvolvimento de Recursos Humanos, ACE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Félagsmálasjóður Evrópu – ákvörðun um að lækka tvo fjárstyrki – aðgerð til ógildingar – mál dómækt – vottun um raunverulega og fjárhagslega nákvæmni – skortur á umboði innlendrar stofnunar – rökstuðningur – réttur málsvarnarinnar).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. júlí 1998 í máli T-274/97: Ca'Pasta Srl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (reglugerð (EBE) nr. 4028/86 – sameiginleg stefna í fiskveiðimálum – fjárhagslegur stuðningur bandalagsins – málsmeðferð til að fella niður aðstoð – aðgerð til ógildingar – mál ekki dómækt).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 6. júlí 1998 í máli T-286/97: Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (málshöfðun vegna aðgerðarleysis – skylda til að aðhafast – engin – aðgerð sem á sér greinilega enga stoð í lögum).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. júlí 1998 í máli T-286/97 R: Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ekki þörf á réttarúrskurði).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. júní 1998 í máli T-596/97: Dalmine SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar – samkeppnislög – ákvörðun um viðbótarupplýsingar – reglubundnar greiðslur á sektum – tilkynning – mál ekki dómækt).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 7. júlí 1998 í máli T-65/98 R: Van den Bergh Foods Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - bráðabirgðameðferð - meðalganga - trúnaður – framkvæmd ákvörðunar tímabundið frestað).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. júlí 1998 í máli T-73/98 R: Société Chimique Prayon-Rupel SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð – málsmeðferð vegna bráðabirgðaaðgerða – meðalganga – bráðabirgðaaðgerðir – áriðandi mál - ekki).

Mál T-99/98: Mál höfðað þann 30. júní 1998 af Hameico Stuttgart GmbH o.fl.gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-106/98: Mál höfðað þann 13. júlí 1998 af Fratelli Murri S.p.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-112/98: Mál höfðað þann 23. júlí 1998 af Mannesmannröhren-Werke AG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-121/98: Mál höfðað þann 31. júlí 1998 af Taurus Beteiligungs-GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-128/98: Mál höfðað þann 7. ágúst 1998 af Aéroports de Paris gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-132/98: Mál höfðað þann 12. ágúst 1998 af Groupe Perry SA og Isibiris gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-285/97 tekið af málaskrá: Kuljetusliike R. Pynnönen Oy gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 312, 10.10. 1998.